Reykjavík 12. september 2019

Berist til:

Skipulagsnefndar Hvalfjarðarsveitar
Skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur
Skipulagsnefndar Akraness
Skipulagsnefndar Borgarbyggðar

**Varðandi merkingarmál á landi Faxaflóahafna**

Faxaflóahafnir sf. hyggjast koma upp nýjum samræmdum merkingum við hafnarsvæðin. Merkingunum verður komið upp í áföngum en fyrstu áfangar miða sérstaklega að merkingum fyrir farþega.

Á 182. fundi Hafnarstjórnar þann 26. ágúst var eftirfarandi bókað:

*„Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir tillögu að samræmdum merkingum. Hafnarstjórn tekur jákvætt í tillöguna. Samþykkt að senda skipulagsnefndum í Reykjavík, Akranesi, Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit kynninguna til upplýsingar."*

Virðingarfyllst,

Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna sf.

Faxaflóahafnir sf
Kennitala 530269-7529

Tryggvagötu 17
101 Reykjavík/Iceland

hofnin@faxaports.is
www.faxaports.is

+354 525 8900

kolofon.

Hönnunarstofa
Design Studio

# **Faxaflóahafnir**
# Hafnarmerkingar

# Nafnakerfi

Hafnarsvæðunum verður skipt upp í stærri einingar (Hafnir / Terminals) sem hver fær sinn bókstaf. Með þessi má beina á stærri svæði með meira afgerandi hætti en með því að nota heitin á bökkunum.
Heiti hafnarbakkanna munu áfram halda sér og verða notuð með sem viðbótarupplýsingar á merkingum.

Öryggishlið fyrir farþegaskip og aðrir landgangar munu einnig nýta sér núverandi legunúmer og verða kölluð Hlið / Gate.


Borgarnes
Grundartangi
Terminal D
Akranes
Terminal E
Gamla höfnin
Terminal A & Ö
Sundahöfn — farþegaskip
Terminal B
Borgarbyggð
Hvanneyri
Skorradalshreppur
Hofn
Hvalfjörður
Grundarhverfi
Mosfellsbær
LAUGARDALUR
MIÐBORG
Þingvallavatn

# Dæmi um heiti á öryggishliði við Miðbakka.




## Miðbakki

| Höfn / Terminal | Hlið / Gate |
|---|---|
| A | 232 |

# Grunnur að útliti

Byggt verður á núverandi útliti Faxaflóahafna og bætt við fleiri litum, viðbótar leturtegund og myndmerkjum (e. pictograms) til að auka læsi á upplýsingum og möguleikum í notkun.

# Letur

Akzidens Grotesk Next

**Reykjavíkurhöfn er höfn sem liggur út frá Kvosinni í Miðborg Reykjavíkur í Reykjavíkinni utanverðri.**
Elsti hluti hennar, Ingólfsgarður, var reistur frá 1913 til 1915 og lokið var við gerð Örfiriseyjargarðs 1917. Síðan þá hefur höfnin þróast mikið.

DIN Stencil

| | |
|---|---|
| **Ægisgarður** | **123** |
| **Faxagarður** | **456** |
| **Grandagarður** | **789** |
| Skarfagarður | 123 |
| Kleppsbakki | 456 |
| Sundabakki | 789 |

# Litir

Dökkblár

Faxablár 100%

Milliblár

Faxablár 40%

Faxahvítur

Varúð

Bannað

Terminal A
Gamla höfnin

Terminal B
Sundahöfn
Farþegar

Terminal C
Sundahöfn
Iðnaður

Terminal D
Grundartangi

Terminal E
Akranes

Terminal Ö
Örfirisey

# Grind

Allar merkingar, bæði prentaðar og stafrænar, fylgja fyrirfram ákveðnu kerfi og einungum í uppsetningu. Þetta einfaldar alla vinnu við uppsetningu á efni innan hafnarmerkinganna, flýtir fyrir framleiðslutíma og er hagkvæmari.

# Dæmi um uppsetningu á einni einingu






# Dæmi um uppsetningu á fleiri einingum saman í einu skilti



# Einingar


Vinstri
Walk Left
Varúð
ökutæki
Caution
Vehicles
400 m
A
124

# Dæmi um samsett skilti



# Dæmi um merkingu á öryggishlið



# Söguskilti

Auk leiðbeinandi merkinga verða útbúin söguskilti, sem byggja á sama útliti. Þau byggja á sama útliti og einingum, með viðbættri myndskreytingu í stíl sem verður sérstaklega útbúinn fyrir myndefni Faxaflóahafna.

Á skiltunum verður efni að einhverju leiti takmarkað, til að auka læsileika og fagurfræði. Á móti verður slóð af skiltunum inn á nánari upplýsingar sem má nálgast með símanum sínum. Þar verður hægt að setja efni eins og ljósmyndir, myndbönd, kort, hljóðupptökur og fleira.





# Fallbyssa

## Cannon

Íslenska

Fallbyssan, sem stendur nú við Hafnarhúsið á Akranesi, er steypt í Svíþjóð, nánar tiltekið í borginni Finspong, árið 1870, en þar voru málmsteypufyrirtæki sem m.a. steyptu fallbyssur. Smíðaárið og staðurinn er greipt í hlaup byssunnar. Byssan var upphaflega framleidd fyrir Dani, sem þá sem oftar áttu í deilum við Þjóðverja í Slésvík-Holsetalandi. Þegar smíði byssunnar lauk var því stríðinu við Þjóðverja lokið og ekki þörf fyrir gripinn í Danaveldi.

Við hátíðleg tækifæri hefur púðurskotum verið skotið úr byssunni og hefur hún reynst afar vel í alla staði. Þegar byssan var tekin í notkun voru munstraðar skyttur á gripinn og gengdu því hlutverki allt til ársins 2005 þeir Rúdolf Jósepsson og Sigurður Þorsteinsson, bæjarverkstjóri.

Gísli Gíslason,
fyrrverandi bæjarstjóri á Akranesi &
núverandi hafnarstjóri Faxaflóahafna sf.

English

Anyone who reads Old and Middle English literary texts will be familiar with the mid-brown volumes of the EETS, with the symbol of Alfred's jewel embossed on the front cover. Most of the works attributed to King Alfred or to Aelfric, along with some of those by bishop Wulfstan and much anonymous prose and verse from the pre-Conquest period, are to be found within the Society's three.

On the same sheet are given details about the very advantageous discount available to individual members on all back numbers. In 1970 a Supplementary Series was begun, a series which only appears occasionally (it currently has 24 volumes within it); some of these are new editions of texts earlier appearing in the main series.

Gísli Gíslason,
Former mayor at Akranesi &
Currently harbormaster at Faxaflóahafna sf.

**Scan it**

Most of the works attributed to King Alfred or to Aelfric, along with some of those by bishop Wulfstan and much anonymous prose and verse

faxi.is/info

# Rafræn skilti

Auk prentaðra skilta verða sett upp rafræn skilti, staðsett inni í öryggishliðunum. Þau eru hugsuð til að auka upplýsingarnar sem farþegar fá í hendurnar þegar þeir koma til landsins.

Skiltin sækja gögn beint í gagnagrunna Faxaflóahafna og eru því alltaf uppfærð og rétt. Auk upplýsinga um við eigandi skip, sýna skiltin veður og samgöngu-möguleika frá hverjum stað.

Allar þessar upplýsingar eru líka aðgengilegar á netinu, svo farþegar geta „tekið með sér“ upplýsingarnar í land.

# Dæmi um upplýsingaskjá og útgáfu fyrir síma






kolofon.

# Takk fyrir athyglina.